Fullgild rafræn undirskrift
STEINUNN FJÓLA SIGURÐARDÓTTIR
2021-06-11 14:16:30 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
MAGNÚS DIGE BALDURSSON
2021-06-11 14:17:38 GMT
Ástæða: Undirskrift

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 11. júní 2021
Tilv.: UMH21040149/7.2

Ráðuneytið vísar til erindis Kópavogsbæjar, dags. 29. apríl sl., þar sem óskað er eftir því að ráðherra heimili Kópavogsbæ á grundvelli 33. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, að fresta gerð aðalskipulags við svonefnda Vatnsvík í landi jarðarinnar Vatnsenda. Í erindinu kemur fram að ástæða beiðninnar sé sú að svæðið sé staðsett á þeim hluta Vatnsendalands sem miklar deilur standi um. Nánar tiltekið sé beinn eignarréttur að landinu á hendi dánarbús Sigurðar K. Hjaltested sem lést árið 1966. Vegna tilvistar arfleiðsluskrár frá árinu 1940 séu óbein eignarréttindi (umráð og hagnýting) á hinn bóginn í eigu dánarbús Þorsteins Hjaltested sem lést árið 2018. Deilur um eignarráð jarðarinnar og úthlutun á réttindum til nýs ábúanda séu nú fyrir dómstólum. Að mati bæjaryfirvalda er ekki hægt að hefja skipulagsvinnu á umræddu svæði nema með aðkomu viðurkenndra rétthafa að jörðinni. Um sé að ræða djúpstæðan og flókinn ágreining milli þeirra aðila sem telji til réttinda að jörðinni Vatnsenda. Erindinu fylgdi hluti af þéttbýlisuppdrætti með aðalskipulagi Kópavogs 2019 – 2040 sem tekur til landsins sunnan Vatnsvíkur í landi Vatnsenda.

Samkvæmt 33. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er sveitarstjórn heimilt, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og með samþykki ráðherra, að fresta í allt að fjögur ár í senn gerð aðalskipulagsáætlunar fyrir ákveðið landsvæði ef óvissa eða ágreiningur ríkir um atriði sem geta haft veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins. Í ljósi framangreinds óskaði ráðuneytið eftir umsögn Skipulagsstofnunar um beiðnina. Þann 3. júní sl. barst ráðuneytinu bréf Skipulagsstofnunar þar sem fram kemur að í gildandi aðalskipulagi Kópavogs væri skipulagi umræddss svæðis frestað. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við frestun á gildistöku aðalskipulagsins og bendir á að stofnunin hafi yfirfarið tillögu að aðalskipulagi, sbr. 3. mgr. 30 gr. skipulagslaga, og ekki gert athugasemd við auglýsingu hennar í bréfi dags 8. febrúar sl. til bæjarstjórnar Kópavogs, þar með talið tillögu bæjarstjórnar um frestun skipulags.

Í ljósi framangreinds, og með vísan til 33. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samþykkir ráðherra frestun Kópavogsbæjar á gerð aðalskipulagsáætlunar sunnan Vatnsvíkur í landi Vatnsenda.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir

Magnús Dige Baldursson

Ljósrit: Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026